

Nd.

424. Breytingartillögur

við frv. til laga um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfni og viðauka við hana.

Frá Sigurði Eggerz.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verður 1. gr. og hljóðar svo:
Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna æfilangt.
Greinatalan í I. kafla breytist samkvæmt þessu.
2. Fyrirsögnin að II. kafla hljóði svo: Um landráð og ýms atbrot.
3. Á undan 4. gr., er verður 6. gr., kemur ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
72. grein hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:
Veki maður uppreisn eða geri samsæri í þeim tilgangi að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, þá varðar það tyftunarhúsvinnu æfilangt.
Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða ævarandi hlutleysi í hættu, eða tekur þátt í þvillíkri uppreisn, sem greinir í 1. málsgrein, skal sæta hegningarvinnu, ekki skemur en 2 ár. Sje um gálauslegt athæfi að ræða, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.
Greinatalan í II. kafla breytist samkvæmt þessu.
4. Í stað »4. eða 5. gr.« í 6. gr., er verður 8. gr., komi: 6. eða 7. gr.
5. Í stað »7. eða 8. gr.« í 9. gr., er verður 11. gr., komi: 9. eða 10. gr.
6. Á eftir 12. gr., sem verður 14. gr., kemur nýr kafli, er verður III. kafli: Um nokkrar breytingar á orðalagi almennra hegningarlaga. Í þeim kafla verður 15. gr. svo hljóðandi:
Í stað orðanna »danska«, »danska«, »danskur«, »danskur« í 5., 62., 73., 74., 76., 266. og 268. gr. almennra hegningarlaga komi: íslenska, íslensks, íslenskur, íslenskra.
7. III. kafli verður IV. kafli og í 13. gr., sem verður 16. gr., komi í stað »1. og 2. greinar«: 2. og 3. greinar.
8. 14. gr. verður 17. gr. og komi þar í stað »3.—6. gr.«: 1. og 4.—8. gr., og í stað »7.—12. gr.« komi: 9.—14. gr.